

## STAÐAN Í DAG

### Farið yfir stofnanir á listanum:

Það er ekki ráðhús á Bíldudal en það er skrifstofuaðstaða fyrir starfsfólk sveitarfélagsins í Muggsstofu á Bíldudal, ekki opnunartími sem tengist starfsemi stjórnsýslunnar. Samfélagsmiðstöð, þar sem starfsfólk sveitarfélagsins m.a. nýtir.

### Helstu niðurstöður:

Það að bæjarstjóri og aðrir lykilstjórnendur séu sýnileg á öllum stöðunum. Hægt að panta viðtöl á hverjum stað. Sýnileiki, aðgengi og innsýn mikilvægt.

Starfsfólk sem býr á öllum stöðum, sem hafa val og ákveðnar skyldur að vera á heimastöðinni og ákveðnar skyldur í ráðhúsinu.

Tryggja að heimastjórnirnar og starfsfólk séu með aðstöðu á hverjum byggðakjarna. Starfstöðvarnar þurfa að vera þannig útbúnar að hægt sé að starfa og funda með góðum hætti hvort sem það eru staðfundir eða fjarfundir.

## SVÓT GREINING

Starfshópurinn hefur framkvæmt svokallaða SVÓT greiningu sem er greinandi aðferð sem er notuð til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti á ákveðnum vettvangi. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum en ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

### Styrkleikar

Tölvukerfin eru mörg þau sömu

Nálægð við nærsamfélagið, stuttar boðleiðir og góð þekking á hvað brennur á nærsamfélaginu hverju sinni.

Þegar er mikið og gott samstarf milli sveitarfélaganna.

Þekking á málefnum samfélagsins.

Mannauður sem fellst í starfsmönnum sveitarfélagsins.

## Veikleikar

### Helstu niðurstöður:

Mikil samkeppni um fjármagn

Mikil innviðaskuld og viðhaldspörf

Einingarnar eru litlar, munu með tímanum þurfa sérhæfðara starfsfólk

Mannfæð, ef við erum háð einum aðila um þekkingu erum við svo háð honum að ef hann dettur út, þá veikist heildin.

Tekjugrunnurinn er veikur

Reksturinn er eins og hann er en samt væri mikilvægt að hafa fleira starfsfólk, getum ekki ráðið starfsfólk útaf kostnaði (auka álögur á íbúa – skerðir þá samkeppnishæfni)

Náum ekki A-hlutanum saman, við höfum lítil áhrif á útgjöldin.

Síauknar kröfur á sveitarfélögin um þjónustu og sérþekkingu.

## Ógnanir

### Umræður:

Kröfurnar um fjármagn í alla byggðakjarna.

Mikið lagaverk, miklar kröfur um ýmsar stefnur og reglur

Krefjandi að sameina ólíka sýn, menningu og hópa – ef að sameiningu verður, verðum við að setja vinnu í það (við höfum alltaf gert þetta svona heilkennið).

Vandmeðfarið að uppfylla kröfur um sömu þjónustu í öllum byggðakjörnum.

## Tækifæri

### Helstu niðurstöður:

Jarðgöng – leiðir til fólksfjölgunar og þá meiri tekna.

Búa til fleiri tekjustofna – fleira fólk, fleiri fermetrar, sterkari B-hluta fyrirtæki, þjónustan sé það góð að þú getir selt hana dýrari en annars staðar.

Stærri eining ætti að hafa aukna möguleika á að fá til sín sérhæft starfsfólk.

Tækifæri til að forgangsraða, losa húsnæði sem ekki er í notkun í eigu sveitarfélagsins.

Samþætta verkefni.

Tæknivæðing

Jöfnunarsjóðurinn – meira fjármagn

Hægt að gera markvissari og straumlínulagaðri þjónustu. Með þessu er þá t.d. verið að bæta yfirsýnina yfir starfið, hægt að bæta nýsköpunina og leiðir til að auka nýtingu fjármagns og mannaúts.

Eyða múrum í rekstri sveitarfélaga, allir starfsmenn upplifi sig sem eina heild og að þeir séu að vinna saman í átt að sameiginlegum markmiðum

Getur samnýtt tækin/öll okkar verkfæri.

Sinna nýsköpun betur, í stjórnsýslunni, móta stefnu í málum sem við viljum sinna.

Sterkari rödd

Rafræn stjórnsýsla

Sameignleg heimasíða

## Samantekt

Miklir möguleikar þar sem samlegðaráhrifin eru mikil og nú þegar mikið samstarf á milli sveitarfélaganna. Sjáum fyrir okkur sterkara samfélag sem getur nýtt tækifærin betur sem ein heild.

Mikilvægt að vanda alla vinnu svo við spilum rétt úr þeim tækifærum sem að blasa við.

## FRAMTÍÐARSÝN

Hópurinn var með nokkuð skýra framtíðarsýn þar sem haft verður að leiðarljósi að íbúar upplifi sig sem eina heild. Eins fannst hópnum mikilvægt að við værum áberandi og tækjum pláss.

Með sameinuðu sveitarfélagi verður til sterkari og sérhæfðari stjórnsýsla sem hefur betri verkfæri til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem sveitarfélög sinna. Það verður til sterkari rödd með fjölgun íbúa og fulltrúa til að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins. Mikilvægt er að halda áfram miklu samtali við forsvarsmenn þjóðarinnar, koma hagsmunum sveitarfélagsins á framfæri og fá þá þjónustu sem sveitarfélaginu ber. Með bættari samgöngum aukast lífsskilyrði og auðveldara verður að laða til okkar fleiri íbúa. Til staðar eru stöndug fyrirtæki í sveitarfélaginu og er uppbygging mikil í sjávar tengdri starfsemi og ferðaþjónustu. Með fleiri íbúum verður til sterkari tekjugrunnur og með sérhæfðara starfsfólki er hægt að vinna stefnumótun að sjálfbærum rekstri sameinaðs sveitarfélags.

Mörg atriði komu fram sem skipta máli fyrir svæðið og eru þeir flokkar sem hér eru að neðan þeir sem fengu flest atkvæði. Það voru þó mörg atriði sem komu fram í vinnu hópsins sem starfsmenn KPMG tóku með sér og munu vinna úr og finnst okkur mikilvægt að þeim sé öllum haldið til haga þó að þeir yfirflokkar sem taldir eru upp hér að neðan hafi fengið flest atkvæði.

### Forgangsröðun verkefna við framtíðarsýn

1. Ein heild
2. Tökum pláss
3. Sjálfbær rekstur
4. Betri þjónusta
5. Velliðan á vinnustað